

**Sp.**

**324. Fyrirspurnir.**

[197. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um áhrif viðskiptakjara á verðbætur á laun.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hver hefðu orðið áhrif 51. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 á verðbætur á laun 1. júní, 1. september og 1. desember 1981, ef viðskiptakjörin hefðu verið reiknuð inn í kaupgjaldsvísitöluna?
2. Hver verða áhrif þessarar lagagreinar á kaupgjaldsvísitöluna 1. mars n. k.?

II. Til menntamálaráðherra um endurskoðun á lögum um fuglafriðun.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvenær er þess að vænta, að frv. til laga um fuglafriðun verði lagt fram á Alþingi?
2. Er áformað að flytja á þessu þingi frv. þess efnis, að sektir við brotum á lögum um friðun fugla eða hreindýr ellegar um dýra- og náttúruvernd verði færðar upp til samræmis við breytt gildi krónunnar og ört rýrnandi gjaldmiðil?